

A 1784/presidiet

Flytjandi Flokkahópur hægrimanna
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um samstarf norrænna lögregluvirkvalda gegn tölvubrotum og á sviði réttarmeinafræði**Tillögur**

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að norrænu löndin auki samstarf sitt gegn tölvubrotum;

að norrænu löndin auki samstarf sitt á sviði réttarmeinafræði.

Aðdragandi

Samstarf lögregluvirkvalda í norrænu löndunum á sér langa sögu og samstarf löggæsluaðila á Norðurlöndunum og innan ESB er traust og skilvirkt. Með tímanum hefur hreyfanleiki fólks yfir landamæri aukist, atvinnulíf verður æ samþættara og sífellt fleiri sækja vinnu yfir landamæri. Þetta er ánægjulegt í sjálfu sér. Við þurfum að vinna ótrauð að því að greiða enn frekar fyrir hreyfanleika yfir landamæri. Auknum hreyfanleika fylgir aukin krafa um samstarf löggæsluvirkvalda í norrænu löndunum og ESB. Þeirri ógn sem felst í hryðjuverkaárásum og annarri skæðri glæpastarfsemi, svo sem mansali og tölvubrotum, fylgja sömuleiðis nýjar kröfur.

Nútímasamfélög eru háð því að tölvukerfi séu skilvirk. Þetta á við um allt frá greiðslukerfum og vatnsveitu til samfélagsupplýsinga og samgangna. Undanfarin ár hafa árásir á tölvukerfi valdið miklum vandræðum og náð að lama mikilvæga samfélagsstarfsemi tímabundið. Margslungin tölvubrot verða jafnframt æ algengari. Fjársvik þar sem ráðist er á veika hlekki í tölvukerfum hafa færst í aukana.

Réttarmeinafræðileg sönnunargögn hafa öðlast aukið vægi í réttarhöldum og rannsóknum á glæpamálum. Málum sem vísað er til sænsku réttarmeinafræðistofnunarinnar Nationellt forensiskt centrum (NFC), sem sér um rannsóknir á glæpamálum fyrir sænsk dómsmálavirkvalda, hefur fjölgað og einnig eru málin orðin flóknari að eðli en fyrr. Alþjóðlegt starf er mikilvægur þáttur í starfseminni og NFC kemur að fjölda alþjóðlegra samstarfsneta. NFC tekur meðal annars að sér mál frá öðrum löndum, svo sem rithandarrannsóknir, greiningu á fíkniefnum og eftirlit með áfengismælum. Einnig tekur starfsemi stofnunarinnar til upplýsinga- og reynslumiðlunar, gæðastjórnunar, úttekta á menntunarpörf og þróun á fræðsluefni um bestu starfshætti („Best Practice Manuals“).



Samstarf löggæslufirvalda á Norðurlöndum er rótgróið og traust. Með hliðsjón af vaxandi tíðni æ flóknari tölvubrota, bættum tæknilegum möguleikum hvað varðar rannsóknargögn og vaxandi flækjustigi þeirra mála sem réttarmeinafræðistofnanir hafa á sinni könnu, teljum við rétt að norrænt samstarf á sviðum tölvubrota og réttarmeinafræði verði endurskoðað og þróað enn frekar.

Ottawa, 2. júní 2018

Bente Stein Mathisen (H)
Brigitte Klinskov Jerkel (KF)
Hans Wallmark (M)
Juhana Vartiainen (saml)
Lars-Arne Staxäng (M)
Lena Asplund (M)
Maria Stockhaus (M)
Marianne Synnes (H)

Michael Tetzschner (H)
Nils Aage Jegstad (H)
Norunn Tveiten Benestad (H)
Solveig Sundbø Abrahamsen (H)
Susanna Koski (saml)
Thomas Finnborg (M)
Vilhjálmur Árnason (Sj.)
Wille Rydman (saml)